# Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

Samandreginn

Samstæðuárshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2025

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
kt. 410998-2629

# Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

Samandreginn

Samstæðuárshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2025

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Yfirlit um aðra heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Yfirlit um eigið fé | 8 |
| Skýringar | 9-11 |

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa í Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um aðra heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársrhlutaeikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evróupusambandinu.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. ágúst 2025

**Endurskoðun BT ehf.**

Guðmundur Kjartansson

endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi þess vinnsla og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun. Samstæðan vinnur fiskafurðir á sjó og rak á tímabilinu einn frystitogara, Guðmund í Nesi RE-13. Félagið framleiðir frystar fiskafurðir til útflutnings með áreiðanleika, virðingu, gæði og ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar að leiðarljósi.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur hefur að geyma árshlutareikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. og þriggja dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Dótturfélög eru Sirion Seafood ApS, ÚR Innovation ehf. og Sirion Seafood Iceland ehf.

## Rekstur, fjárhagsleg staða og horfur

**Rekstrarreikningur**

Tekjur samstæðunnar af sölu afurða til útflutnings á tímabilinu 1. janúar til 30.júní 2025 námu 39,6 milljónum evra (1.janúar til 30.júní 2024: 53,9 milljón evra). Breyting tekna á milli ára skýrist af því að á síðari hluta ársins 2024 var farið í skipulagsbreytingar á rekstri en viðvarandi taprekstur var á vinnsluhluta samstæðunnar í Reykjanesbæ. Samstæðan seldi því í lok árs 2024 rekstrarfjármuni sína og vörubirgðir sem tengjast vinnslu félagsins í Reykjanesbæ. Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar nam 257,3 þúsund evrum á tímabilinu 1.janúar til 30.júní 2025 (1.janúar til 30.júní 2024: 3,2 milljón evra tap).

**Efnahagsreikningur**

Eignir samstæðunnar í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi námu 515,7 milljónum evra (31.12.2024 : 537,4 milljón evra) og skuldir námu 232,7 milljónum evra (31.12.2024: 252,4 milljónir evra). Bókfært eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins nam 283 milljónum evra (31.12.2024: 285,1 milljónir evra). Eiginfjárhlutfall samstæðunnar nam 54,9% í lok tímabilsins samanborið við 53% í árslok 2024.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuárshlutareikningurinn sé í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30.júní 2025. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að skýrsla stjórnar gefi glöggt yfirlit yfir árangur í rekstri samstæðunnar, þróun og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. staðfestir hér með samstæðuárshlutareikning félagsins 1.janúar til 30.júní 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2025

**Í stjórn**

Guðmundur Kristjánsson
Stjórnarformaður

Hjálmar Þór Kristjánsson
stjórnarmaður

Rebekka Guðmundsdóttir
stjórnarmaður

Runólfur Viðar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2025

| | Skýr. | 1.1.-30.6.2025 | 1.1.-30.6.2024 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 5 | 39.640.833 | 53.855.599 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 5 | (35.939.759) | (50.586.852) |
| **Framlegð** | | 3.701.075 | 3.268.747 |
| Aðrar tekjur og söluhagnaður | 5 | 253.727 | 202.162 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | (1.732.971) | (2.225.335) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 2.221.831 | 1.245.574 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 7 | 4.360.815 | 2.154.250 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | (7.389.056) | (6.252.190) |
| | | (3.028.241) | (4.097.940) |
| **Tap fyrir skatta** | | (806.410) | (2.852.366) |
| Tekjuskattur | | 1.063.709 | (341.706) |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | 257.299 | (3.194.072) |
| Hagnaður (tap) skiptist á eftirfarandi hátt: | | | |
| Hlutdeild meirihluta í afkomu | | 257.299 | (2.846.018) |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu | | 0 | (348.054) |
| | | 257.299 | (3.194.072) |

## Yfirlit um aðra heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2025

| | | |
|---|---|---|
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | 257.299 | (3.194.072) |
| | | |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé: ............................** | | |
| **Liðir sem síðar kunna að verða færðir í rekstrarreikning** | | |
| Þýðingarmunur vegna dóttur-og hlutdeildarfélaga .............. | 102.723 | 64.346 |
| Hlutdeild í þýðingarmun og áhættuvörn hlutdeildarfélaga ..... | (1.253.572) | (208.959) |
| | (1.150.849) | (144.613) |
| | | |
| **Liðir sem síðar kunna að verða færðir í rekstrarreikning** | | |
| Gangvirðisbreyting eignarhluta í félögum .......................... | 434.799 | (52.109) |
| Hlutdeild í gangvirðisbreytingu hlutdeildarfélaga ................ | (76.053) | (350.810) |
| | 358.746 | (402.919) |
| | | |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | (792.103) | (547.532) |
| | | |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | (534.804) | (3.741.604) |
| | | |
| Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt: | | |
| Hlutdeild meirihluta í heildarafkomu ................................ | (534.804) | (3.393.550) |
| Hlutdeild minnihluta í heildarafkomu ................................. | - | (348.054) |
| | (534.804) | (3.741.604) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2025

| Eignir | Skýr. | 30.06.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 6 | 132.456.824 | 132.456.824 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 27.961.356 | 28.778.661 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 7 | 321.715.042 | 327.374.089 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 9.685.320 | 4.636.506 |
| | | 491.818.542 | 493.246.080 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 2.791.815 | 1.501.882 |
| Viðskiptakröfur | | 6.183.472 | 5.345.265 |
| Kröfur á tengd félög | 8 | 134.973 | 137.334 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 2.463.164 | 2.012.321 |
| Handbært fé | | 12.288.766 | 35.194.355 |
| | | 23.862.190 | 44.191.157 |
| **Eignir** | | 515.680.732 | 537.437.237 |

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 30.06.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 4.973.522 | 4.973.522 |
| Annað bundið eigið fé | | 169.134.343 | 173.446.412 |
| Óráðstafað eigið fé | | 108.944.664 | 106.667.397 |
| **Eigið fé** | | 283.052.528 | 285.087.331 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 148.534.626 | 167.086.359 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 28.873.214 | 30.175.055 |
| | | 177.407.840 | 197.261.414 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 41.009.315 | 22.703.860 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 11.893.113 | 29.530.350 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | | 0 | 563.733 |
| Skuldir við tengd félög | 8 | 2.317.936 | 2.290.551 |
| | | 55.220.364 | 55.088.493 |
| **Skuldir** | | 232.628.204 | 252.349.907 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 515.680.732 | 537.437.237 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30.júní 2025

| | Skýr. | 1.1.-30.6.2025 | 1.1.-30.6.2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður ........................................................ | | 2.221.831 | 1.245.574 |
| Afskriftir ................................................................... | | 940.043 | 1.090.058 |
| Söluhagnaður fastafjármuna ........................................... | | (30.644) | |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 3.131.230 | 2.335.632 |
| Vörubirgðir (hækkun), lækkun ....................................... | | (1.290.005) | 4.936.675 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) ............................ | | (485.196) | (6.909.716) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun .................................... | | 6.202.951 | 633.587 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 7.558.980 | 996.178 |
| Innborgaðir vextir og arður ............................................ | | 20.002 | 81.478 |
| Greiddir vextir ............................................................ | | (5.171.954) | (4.083.978) |
| Innborgaður gengismunur .............................................. | | (403.766) | 216.613 |
| Greiddur tekjuskattur .................................................... | | (563.733) | |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 1.439.529 | (2.789.709) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keypt aflahlutdeild* ...................................................... | | (26.168.877) | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir ................................ | | (166.352) | (127.306) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .................................. | | 74.258 | |
| Arður frá hlutdeildarfélögum .......................................... | | 8.840.346 | 11.442.063 |
| Keyptur eignarhlutur í hlutdeildarfélagi ............................ | | | (1.339.725) |
| Keyptur eignarhlutur í öðrum félögum ............................. | | (4.614.015) | (695.652) |
| | | (22.034.640) | 9.279.380 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður ............................................................ | | | (2.009.377) |
| Afborganir langtímaskulda .............................................. | | (3.872.315) | (3.060.239) |
| Nýjar langtímaskuldir .................................................... | | | 6.698.382 |
| Ný víxilútgáfa, breyting ................................................. | | 1.563.046 | (4.016.983) |
| | | (2.309.269) | (2.388.217) |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár ................................... | | (22.904.380) | 4.101.454 |
| Handbært fé í upphafi árs .............................................. | | 35.194.355 | 13.260.924 |
| Áhrif gengisumreiknings á handbært fé ............................ | | (1.205) | (771) |
| Handbært fé í lok tímabils ............................................. | | 12.288.766 | 17.361.602 |

* Greiðsla á eftirstöðvum kaupverðs á krókaflaheimildum frá 2024.

## Yfirlit um eigið fé  30. júní 2025

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Gangvirðis-reikningur | Þýðingar-munur | Bundinn eiginfjár-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Annað bundið eigið fé | | | | | | | |
| **1. janúar til 30. júní 2024** | | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2024 | 4.973.522 | 89.896.750 | 1.282.083 | 52.041 | (1.968.092) | 73.743.020 | 120.152.153 | (280.082) | 287.851.395 |
| Tap tímabilsins.................................................. | | | | | | | (2.846.018) | (348.054) | (3.194.072) |
| Hlutdeild í eiginfj.liðum hlutf.félags................... | | | | (350.810) | (499.543) | 290.584 | | | (559.769) |
| Gangvirðisbreyting eignarhluta......................... | | | | (52.109) | | | | | (52.109) |
| Þýðingarmunur.................................................. | | | | | 64.346 | | | | 64.346 |
| Heildarafkoma tímabilsins................................ | | | | (402.919) | (435.197) | 290.584 | (2.846.018) | (348.054) | (3.741.604) |
| Óinnleystar hlutdeildartekjur........................... | | | | | | (7.876.907) | 7.876.907 | | 0 |
| Greiddur arður.................................................. | | | | | | | (8.300.000) | | (8.300.000) |
| Eigið fé 30. júní 2024 | 4.973.522 | 89.896.750 | 1.282.083 | (350.878) | (2.403.289) | 66.156.697 | 116.883.046 | (628.136) | 275.809.795 |
| **1. janúar til 30. júní 2025** | | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2025 | 4.973.522 | 89.896.750 | 1.282.083 | (407.362) | (893.944) | 83.568.885 | 106.667.397 | 0 | 285.087.331 |
| Hagnaður tímabilsins......................................... | | | | | | | 257.299 | 0 | 257.299 |
| Hlutdeild í eiginfj.liðum hlutf.félags................... | | | | (76.053) | (1.718.681) | 465.109 | | | (1.329.625) |
| Gangvirðisbreyting eignarhluta......................... | | | | 434.799 | | | | | 434.799 |
| Þýðingarmunur.................................................. | | | | | 102.723 | | | | 102.723 |
| Heildarafkoma tímabilsins................................ | | | | 358.746 | (1.615.958) | 465.109 | 257.299 | 0 | (534.804) |
| Óinnleystar hlutdeildartekjur........................... | | | | | | (3.519.966) | 3.519.966 | | |
| Greiddur arður.................................................. | | | | | | | (1.500.000) | | (1.500.000) |
| Eigið fé 30. júní 2025 | 4.973.522 | 89.896.750 | 1.282.083 | (48.616) | (2.509.902) | 80.514.028 | 108.944.664 | 0 | 283.052.528 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Fiskislóð 14, 101 Reykjavík.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi félagsins og dótturfélaga þess vinnsla og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun.

Árshlutareikningur þessi hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

**Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann er samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar árið 2024. Hægt er að nálgast ársreikning samstæðunnar á vef þess á www.urseafood.is.

Samstæðuárshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 4. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á innri upplýsingagjöf og skipulagi samstæðunnar. Samstæðan skiptist í tvo starfsþætti, Útgerð & sala sjávarafurða og Fjárfesting í sjávarútvegi.

1.janúar til 30.júní 2025

| | Útgerð & sala sjávarafurða | Fjárfesting í sjávarútvegi | Samtals |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 39.640.833 | | 39.640.833 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (35.939.759) | | (35.939.759) |
| **Framlegð** | 3.701.075 | | 3.701.075 |
| Aðrar tekjur og söluhagnaður | 253.727 | | 253.727 |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.012.213) | (720.758) | (1.732.971) |
| **Rekstrarhagnaður** | 2.942.588 | (720.758) | 2.221.830 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 4.360.815 | 4.360.815 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | (7.389.056) |
| Hagnaður fyrir skatta | | | (806.410) |
| Tekjuskattur | | | 1.063.709 |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | 257.299 |
| | | | |
| Óefnislegar eignir | 132.456.824 | | 132.456.824 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 27.961.356 | | 27.961.356 |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | | 321.715.042 | 321.715.042 |
| Eignarhluti í öðrum félögum | 2.270.418 | 7.414.902 | 9.685.320 |
| Óskiptar eignir | | | 33.547.510 |
| Óskiptar skuldir | | | (232.628.204) |

## 5. Starfsþáttayfirlit (frh.)

1.janúar til 30.júní 2024

| | Útgerð & sala sjávarafurða | Fjárfesting í sjávarútvegi | Samtals |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 53.855.599 | | 53.855.599 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (50.586.852) | | (50.586.852) |
| **Framlegð** | 3.268.747 | | 3.268.747 |
| Aðrar tekjur og söluhagnaður | 202.162 | | 202.162 |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.439.186) | (786.149) | (2.225.335) |
| **Rekstrarhagnaður** | 2.031.723 | (786.149) | 1.245.574 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 2.154.250 | 2.154.250 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | (6.252.190) |
| Hagnaður fyrir skatta | | | (2.852.366) |
| Tekjuskattur | | | (341.706) |
| **Tap tímabilsins** | | | (3.194.072) |

**Útgerð og sala sjávarafurða**

Til tekna hjá útgerð og sölu sjávarafurða telst sala útgerðar og sölufyrirtækis á sjávarafurðum sem og kvótaleiga en kostnaður samanstendur fyrst og fremst af hráefniskostnaði og rekstri frystitogara s.s. laun og launatengd gjöld sjómanna, veiðarfæri, veiðigjöld og olía sem og stjórnunarkostnaður.

**Fjárfesting í sjávarútvegi**

Um er að ræða fjárfestingu í félögum í sjávarútvegi. Tekjur fela fyrst og fremst í sér hlutdeild í afkomu og gjöld samanstanda af stjórnunarkostnaði.

## 6. Óefnislegar eignir

| | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 132.456.824 | 81.085.561 |
| Eignfært á árinu | | 53.061.269 |
| Afskrift viðskiptasambanda | | (104.569) |
| Fært út við sölu eigna | | (1.585.437) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 132.456.824 | 132.456.824 |

Óefnislegar eignir sundurliðast á eftirfarandi hátt:

| | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Fiskveiðiheimildir | 81.085.561 | 81.085.561 |

## 7. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

**Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:**

| | | Bókfært verð | | Hlutdeild í afkomu | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | 30.6.2025 | 31.12.2024 | 1.1.-30.6.2025 | 1.1.-30.6.2024 |
| Brim hf. | 43,96% | 310.948.014 | 316.376.775 | 4.741.209 | 2.417.863 |
| OK eignarhaldsfélag ehf. | 25,00% | 5.593.801 | 5.563.757 | (35.664) | (185.987) |
| Zym Ice ehf. | 40,00% | 5.173.226 | 5.433.557 | (344.730) | (77.626) |
| | | 321.715.042 | 327.374.089 | 4.360.815 | 2.154.250 |

Eignarhlutur í Brim hf. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í reikningsskilum Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. Bókfært verð eignarhlutarins í lok tímabilsins nemur 310,9 milljónum evra en skráð markaðsverð hlutarins nemur 350,7 milljónum evra á reikningsskiladegi. Nánari upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu Brim hf. má finna í árshlutareikningi félagsins á www.brim.is.

# Skýringar

## 8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Staða og viðskipti milli fyrirtækisins og dótturfélaga þess, sem eru tengdir aðilar, hafa verið felld út við gerð samstæðu og eru því ekki tilgreind í skýringunni. Viðskipti milli samstæðunnar og aðila tengdum henni eru birt hér að neðan.

| Viðskiptastöður við tengd félög | 1.1.-30.6.2025 | | 1.1.-30.6.2024 | |
|---|---|---|---|---|
| | Keyptar eignir, þjónusta og afurðir | Sala eigna, þjónustu og afurða | Keyptar eignir, þjónusta og afurðir | Sala eigna, þjónustu og afurða |
| Brim samstæða ...................................... | 142.831 | 15.650.465 | 114.984 | 13.963.583 |
| AP Group ............................................. | 22.543.111 | 85.793 | 22.819.250 | 76.741 |
| Aðrir tengdir aðilar ................................ | 33.380 | | 113.487 | 69.418 |
| | 22.719.322 | 15.736.258 | 23.047.721 | 14.109.742 |

| Viðskiptastöður við tengd félög | 30.6.2025 | | 31.12.2024 | |
|---|---|---|---|---|
| | Kröfur | Skuldir | Kröfur | Skuldir |
| Brim samstæða ...................................... | 816.660 | | 1.862.317 | |
| AP Group ............................................. | | 6.952.402 | | 83.149 |
| Aðrir tengdir aðilar ................................ | 137.371 | 2.317.936 | 137.334 | 2.290.551 |
| | 954.030 | 9.270.338 | 1.999.651 | 2.373.700 |

Viðskiptastöður við samstæðu Brim og AP Group eru framsettar meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í samstæðuárshlutareikningi. Viðskiptastöður við aðra tengda aðila eru sérgreindar í efnahagsreikningi meðal krafna og skulda við tengda aðila.

## 9. Vaxtaberandi skuldir

Á meðal vaxtaberandi skammtímaskulda eru vaxtaberandi langtímalán sem nema um 24,5 milljónum evra sem koma til greiðslu á næstu 12 mánuðum auk víxilskuldar að fjárhæð um 16,5 milljón evra. Félagið hefur fjármagnað sig að hluta til með útgáfu víxla sem eru með gjalddaga eftir 3-6 mánuði frá útgáfu. Víxlaútgáfan hefur verið til skamms tíma og á gjalddaga hefur ný víxilútgáfa verið gefin út til endurfjármögnunar. Félagið hyggst halda áfram að hafa hluta fjármögnunar með þeim hætti auk þess sem það vinnur að endurfjármögnun fyrrnefndra vaxtaberandi langtímalána.

## 10. Önnur mál

Á aðalfundi félagsins var samþykkt að greiða hluthöfum allt að 1,5 milljón evra í arð vegna rekstrarársins 2024. Á reikningsskiladegi er arðurinn ógreiddur og er því færður sem skammtímaskuld í efnahagsreikningi.